

# Ábyrgð Bæjarbragur Lífsgæði



D-listinn og S-listinn í Hveragerði gera með sér málefнасamning um stjórn bæjarins á kjörtímabilinu **2026–2030**.

# Ábyrgð Bæjarbragur Lífsgæði

Samstarfið byggist á sameiginlegri sýn um að Hveragerði verði áfram góður, fjölskylduvænn og heilsueflandi bær þar sem uppbygging er skynsamleg, fjármál eru traust, þjónusta er öflug og íbúar hafi áhrif og raunverulegt aðgengi að upplýsingum.

Fjárhagsstaða sveitarfélagsins kallar á varfærni og skýra forgangsröðun. Samstarfsaðilar munu ekki ráðast í kostnaðarsöm verkefni nema að undangengnu mati á fjárhagslegu svigrúmi, áhrifum á rekstur og getu sveitarfélagsins til að standa undir þeim. Framgangur einstakra verkefna í málefnasamningnum getur því ráðist af fjárhagsstöðu sveitarfélagsins hverju sinni og verður forgangsröðun endurmetin reglulega á kjörtímabilinu.

Markmið samstarfsins er að sameina áherslur um ábyrga fjármálastjórn, vandaða stjórnsýslu, góða þjónustu við íbúa, verndun bæjarbrags, öfluga lýðheilsu, græn svæði og fjölbreytt samfélagslíf.

# Eftirfarandi verkefni verði sett sérstaklega í forgang í upphafi kjörtímabilsins

- Gera milliuppgjör á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins.
- Endurskoða aðalskipulag með aðkomu íbúa og skýrri sýn um lágreista byggð.
- Taka ábendingar íbúa um fyrirhugaða uppbyggingu á Grundarreit til faglegrar skoðunar í samtali við íbúa og hagaðila, meta raunhæfa kosti til úrbóta og leggja mat á skipulagsleg, fjárhagsleg og samfélagsleg áhrif áður en tekin verður ákvörðun um næstu skref.
- Setja upp einfalt stöðuyfirlit yfir kostnaðarsöm verkefni og stærri framkvæmdir sveitarfélagsins á heimasíðu bæjarins.
- Reglulegar íbúakannanir verði framkvæmdar um afmörkuð mál til að tryggja virkt samráð.
- Endurnýja merkingar á gangbrautum og hraðahindrunum og bæta við þar sem þörf er á og aðstæður leyfa.
- Setja upp nýjan ærslabelg á núverandi svæði. Huga að færslu til framtíðar.
- Hefja fegrunarátak í samstarfi við íbúa.
- Gera bókasafnsþjónustu gjaldfrjálsa fyrir 67 ára og eldri.
- Huga að því að nýi gervigrasvöllurinn verði nothæfur yfir vetrartímann og frágangur í kringum völlinn verði öruggur fyrir iðkendur.

# Barna- og menntamál

Samstarfsaðilar eru sammála um að leggja ríka áherslu á þjónustu við börn og fjölskyldur á kjörtímabilinu. Markmiðið er að Hveragerði verði áfram gott samfélag fyrir börn að alast upp í þar sem velferð, menntun, farsæld og aðgengi að þjónustu eru höfð að leiðarljósi.

## Á kjörtímabilinu verður lögð áhersla á að:

- Tryggja gott starfsumhverfi starfsfólks í skólum og leikskólum.
- Taka skref í að verða leiðandi sveitarfélag í að vinna eftir lögum um farsæld barna meðal annars með því að efla sérkennslu, snemmtæka íhlutun og þróun frístundaúrræða.
- Endurskoða, samþætta og uppfæra stefnur sem snúa að málefnum barna.
- Meta reglulega stöðu í málefnum barna og ungmenna og nýta niðurstöður markvisst til umbóta.
- Taka skref í að efla þjónustu við fötluð börn í Hveragerði með það að markmiði að þau geti í auknum mæli sótt þjónustu í sínu nærumhverfi.
- Þarfagreina og þróa skipulag í kringum núverandi akstursþjónustu til að tryggja aðgengi að skóla-, frístunda- og tómstundastarfi barna og eldri borgara.
- Þjónusta frístundamiðstöðvar þróist í takt við vöxt sveitarfélagsins og þarfir barna og fjölskyldna.
- Beita sér gagnvart ríkinu fyrir aukinni þátttöku í rekstri leikskóla.
- Breytingar á leikskólagjöldum dragi ekki úr gæðum, stöðugleika eða faglegu starfi leikskóla og að fjármögnun taki mið af þörfum þeirra.
- Skoða hvort hægt sé að þróa og innleiða raunskráningarkerfi leikskóladvalar með hagsmuni barna að leiðarljósi.
- Kortleggja þróun barnafjölda og íbúafjölgun til að forgangsraða uppbyggingu leikskóla, grunnskóla og frístundastarfs.
- Klára hönnun og undirbúning næsta áfanga grunnskólans og bjóða framkvæmdina út þegar þörf krefur.
- Hefja hönnun og undirbúning leikskóla í Kambalandi og vinna að uppbyggingu hans í áföngum í takti við þjónustubörf.
- Viðhalda leiksvæðum og skoða möguleika á fjölgun þeirra.
- Fara í nauðsynlegar úrbætur á lóð Bungubrekku og móta framtíðarsýn fyrir svæðið.

# Skipulags- og húsnæðismál

Samstarfsaðilar leggja áherslu á að Hveragerði vaxi á skynsamlegan hátt, þar sem uppbygging íbúðarhúsnæðis og innviða haldist í hendur. Uppbygging taki mið af samfélagi, náttúru og þjónustu.

## Á kjörtímabilinu verður lögð áhersla á að:

- Setja skýra stefnu um skynsamlegan vöxt uppbyggingar og æskilega þróun Hveragerðis svo að innviðir og þjónusta haldist í hendur við uppbyggingu.
- Endurskoða afmarkaða þætti aðalskipulags með aðkomu íbúa, meðal annars áhrif þjóðveggar á byggðapróun, útfærslu Breiðumarkar og sýn um lágreista byggð.
- Horfa til Sólborgarsvæðis austan Varmár sem næsta stóra uppbyggingarsvæðis bæjarins.
- Tryggja að þétting byggðar verði framkvæmd af varfærni og að sérstakt tillit verði tekið til grænna svæða og þeirrar einstöku náttúru sem gerir Hveragerði að eftirsóknarverðum stað til að búa á.
- Efla samtal og tengsl Hveragerðisbæjar við leigu- og fasteignafélög án hagnaðarmarkmiða og kanna hvort slík uppbygging geti orðið raunhæfur og ákjósanlegur kostur í sveitarfélaginu.
- Gera viðhaldsáætlun fyrir götur, eignir og útisvæði sveitarfélagsins.
- Skilgreina og vinna að uppbyggingu miðbæjar og skoða möguleika á að þróa Kvennaskólatorg sem ákjósanlegt torg fyrir menningarstarf, að teknu tilliti til aukinnar umferðar sem væntanleg er með uppbyggingu uppi í dal.
- Beita sér gagnvart ríkisvaldinu fyrir færslu þjóðveggar og tryggja að þjóðvegur kljúfi ekki íbúðarbyggð, meðal annars með því að færa veginn sunnar eða endurskoða skipulag.
- Kanna möguleika á flóttaleiðum úr dalnum og vesturhluta sveitarfélagsins. Skoða sérstaklega möguleika á að tengja Vesturmörk við núverandi þjóðveg, óháð endanlegri niðurstöðu um færslu þjóðveggar.
- Bæta umferðaröryggi og styrkja tengingar milli hverfa með áherslu á greiðar gönguleiðir á milli þeirra.
- Bæta öryggi gangandi vegfarenda með fleiri og betri gangbrautum, sérstaklega við skóla og fjölfarnar götur.
- Bæta aðgengi, öryggi og merkingar á göngu-, hjóla- og reiðstígum og aðskilja sem mest gangandi, hjólandi og ríðandi umferð þar sem kostur er.

# Umhverfi

Samstarfsaðilar vilja að Hveragerði verði áfram þekkt fyrir gróður, náttúru, jarðhita, útivist og fallegt bæjarumhverfi.

## Á kjörtímabilinu verður lögð áhersla á að:

- Endurskoða núverandi nefndarfyrikomulag svo umhverfis- og veitumál fái aukið vægi í stjórnslu sveitarfélagsins.
- Tryggja öryggi og heilnæmi neysluvatns í Hveragerði.
- Koma fráveitumálum bæjarins í viðeigandi horf svo sveitarfélagið uppfylli þær kröfur sem gerðar eru til þess.
- Koma uppbyggingu nýs gámasvæðis í formlegt ferli og vinna markvisst að því að færa starfsemina úr íbúðabyggð.
- Bæta ásýnd og umhverfi bæjarins með markvissu átaki í fegrun, viðhaldi og umhirðu opinna svæða, auk verndunar og þróunar útivistar- og grænna svæða.
- Efla ímynd Hveragerðis sem blómabæjar með fleiri blómstrandi svæðum og uppbyggingu grænna svæða.
- Móta heildstæða sýn fyrir svæðið undir Hamrinum og þróa skógar svæðið áfram sem aðlaðandi, aðgengilegt og vel nýtt útivistarsvæði í góðu samstarfi við Skógræktarfélag Hveragerðis.
- Efla Fossflöt áfram sem ákjósanlegan vettvang fyrir samveru, útivist og mannlíf.
- Vinna að samræmdri uppbyggingu uppi í dal í samstarfi við íþrótt- og útivistarfélög, þar á meðal Hestamannafélagið Ljúf og Golfklúbb Hveragerðis.

# Menning og samfélag

Samstarfsaðilar telja að öflugt menningar- og félagslíf sé hluti af lýðheilsu, forvörnum og lífsgæðum.

## Á kjörtímabilinu verður lögð áhersla á að:

- Efla bókasafnið sem lifandi menningar-, fræðslu- og samfélagsrými.
- Styrkja við listir, menningu, félagasamtök og viðburði í bænum.
- Efla samstarf bæjarins við sjálfbodaliða, félög og menningarstofnanir.
- Leita leiða til að skapa aðstöðu fyrir listamenn í Hveragerði.
- Skoða möguleika á samfélagsgróðurhúsi eða sambærilegu grænu samfélagsrými.
- Greina þörf, forsendur og framtíðarmöguleika á samfélagshúsi eða öðrum lausnum sem styrkt geta menningu, frístundir, félagsstarf, fræðslu og fjölbreytt samfélagslíf, án þess að ráðast í framkvæmdir eða kaup á húsnæði á kjörtímabilinu.

# Íþróttir og æskulýðsstarf

Samstarfsaðilar vilja efla Hveragerði sem heilsueflandi samfélag fyrir alla aldurshópa, þar sem íþróttir, útivist, frístundir og æskulýðsstarf styðja við vellíðan, forvarnir og virka þátttöku íbúa.

## Á kjörtímabilinu verður lögð áhersla á að:

- Endurskoða núverandi nefndafyrirkomulag svo íþrótt- og æskulýðsstarf fái aukið vægi í stjórnslu sveitarfélagsins.
- Vinna markvisst að því að Hveragerði verði áfram heilsueflandi samfélag.
- Tryggja að uppbygging íþróttamannvirkja haldi áfram og að verkefni sem þegar eru hafin klárast án frekari tafa.
- Tryggja betra aðgengi og bætt útiaðstöðu á sundlaugarsvæðinu fyrir fatlað fólk og aðra sem þurfa gott aðgengi að lauginni.
- Skilgreina framtíðaráform sundlaugarinnar þannig að uppbygging og endurbætur falli að langtímaþróun svæðisins.
- Auka framboð á frístunda-, tómsunda- og forvarnastarfi fyrir 16–18 ára.
- Efla samstarf og samráð við íþrótt- og tómsundastarf í sveitarfélaginu, með sérstakri áherslu á virka aðkomu að ákvörðunum og uppbyggingu.
- Eiga frumkvæði að samtali við skátana um framtíðarlausnir í húsnæðismálum.
- Efla kynningu og upplýsingamiðlun til íbúa um möguleika til hreyfingar, útivistar, íþróttar og æskulýðsstarfs.
- Efla skipulagt íþrótt- og tómsundastarf sem mikilvægan vettvang fyrir vellíðan, félagsfærni og forvarnir barna og ungmenna, meðal annars með því að styrkja hlutverk þess í velferðarkerfi barna og styðja við fræðslu fagfólks um farsæld barna, áhættuhegðun og samskipti.
- Skapa börnum og ungmennum aukin tækifæri til listsköpunar í frístundum í samstarfi við listamenn í bæjarfélaginu og Listasafn Árnesinga.

# Velferðarþjónusta

Samstarfsaðilar eru sammála um að velferðarþjónusta eigi að vera aðgengileg, persónuleg og skilvirk.

## Á kjörtímabilinu verður lögð áhersla á að:

- Beita sér fyrir betra aðgengi barna og fjölskyldna að sérfræðiþjónustu og raunverulegum úrræðum í samstarfi við heilbrigðiskerfið, sérfræðinga og fleiri.
- Kortleggja þjónustubörf öryrkja í Hveragerði og þróa þjónustu og úrræði í samræmi við niðurstöður.
- Halda áfram að styðja við Félag eldri borgara í Hveragerði.
- Halda áfram að skoða uppbyggingu þjónustukjarna fyrir eldri borgara og hugmyndir um endurnýjun húsakosts Félags eldri borgara.
- Halda áfram samstarfi við Dvalarheimilið Ás og efla verkefnið Gott að eldast um samþætta heimaþjónustu, dagdvöl og annan stuðning við eldra fólk sem kys að búa lengur heima.
- Kanna kosti þess að nýta velferðartækni í auknum mæli til að styrkja félagsþjónustu, auka öryggi fólks heima fyrir og styðja við sjálfstæða búsetu.
- Bæta upplýsingagjöf til eldri borgara með skýru og aðgengilegu kynningarefni.
- Efla græn svæði sem vettvang fyrir útiveru, hreyfingu og samveru, með áherslu á gott aðgengi, örugga stíga og aðstöðu fyrir alla.

# Stjórnsýsla

Samstarfsaðilar vilja auka traust til bæjarstjórnar með opnari, skýrari og skilvirkari stjórnsýslu.

## Á kjörtímabilinu verður lögð áhersla á að:

- Bæta upplýsingagjöf til íbúa um stöðu helstu verkefna.
- Bæta heimasíðu sveitarfélagsins og gera upplýsingar aðgengilegar þannig að auðvelt sé að nálgast fundargerðir, áætlanir, kostnað og stöðu verkefna.
- Skýra verkferla í stjórnsýslu og efla rafræna málaskrá til að tryggja eðlilegan framgang erinda og betri yfirsýn yfir stöðu stærri framkvæmda.
- Tryggja skýrari og uppfærðari upplýsingagjöf um skipulagsmál í almenningrýmum eins og í verslunarmiðstöðinni Sunnumörk.
- Halda íbúafundi um stór skipulags- og framkvæmdamál.
- Leita reglulega eftir sjónarmiðum bæjarbúa með reglulegum íbúakönnunum, meðal annars um skipulag, fjármál og aðgengi að upplýsingum.
- Bjóða upp á opna fundi og aðgengilegan viðtalstíma með bæjarstjóra.
- Efla samskipti við íbúa með einföldu ábendingarkerfi án rafrænna skilríkja.
- Sjá til þess að ungmenna-, notenda- og öldungaráð séu virk, tengd inn í stjórnsýsluna og tryggja að raddir þeirra heyrast skýrt.
- Samþætta stefnur sveitarfélagsins þannig að hægt sé að nýta þær markvisst við ákvarðanatöku og forgangsröðun verkefna.
- Tryggja að sveitarfélagið starfi sem ein heild með samræmdum vinnubrögðum og skilvirku samstarfi, studdu af góðum innviðum og skýru upplýsingaflæði.
- Styrkja nefndir með vel skilgreindum hlutverkum, markmiðum og verkferlum.
- Mæla reglulega starfsánægju og nýta niðurstöður til að bæta vinnuumhverfi, efla faglega þróun og viðhalda stöðugleika í mannauði.
- Nýta gervigreind og aðrar tæknilausnir markvisst til að bæta þjónustu og auka skilvirkni.
- Eiga frumkvæði að auknu samtali og samstarfi við Ölfus.

# Fjármál

Samstarfsaðilar eru sammála um að traust fjármál séu forsenda góðrar þjónustu og farsællar uppbyggingar. Við stöndum fyrir ábyrg fjármál sem tryggja öfluga þjónustu án þess að þrýsta á uppbyggingu sem gengur gegn bæjarbrag.

## Á kjörtímabilinu verður lögð áhersla á að:

- Fjárfestingar og lántökur taki mið af greiðslu- og fjárfestingargetu sveitarfélagsins.
- Sjá til þess að farið verði í framkvæmdir að undangengnu faglegu undirbúningsferli.
- Stefna að því að sveitarfélagið eigi frekar en leigi lykilhúsnæði.
- Einfalda stjórnarsýslu og skýra ábyrgð, draga úr ráðgjafarkostnaði og styrkja innri getu sveitarfélagsins.
- Vinna að því að fasteignagjöld hækki ekki umfram eðlilegar verðlagshækkanir.
- Leita leiða til þess að skapa svigrúm til lækkunar fasteignagjalda.
- Stefna að því að lóðaverð endurspegli aðstæður á markaði hvað við kemur eftirspurn og framboð hverju sinni.
- Bæta upplýsingagjöf til íbúa með skýrum og aðgengilegum upplýsingum um hvernig fjármunum er varið.

# Atvinna

Samstarfsaðilar vilja styrkja atvinnulíf í Hveragerði með áherslu á sérstöðu bæjarins, gott rekstrarumhverfi og fjölbreytt störf.

## Á kjörtímabilinu verður lögð áhersla á að:

- Bæta samvinnu við atvinnulífið og tryggja nægt framboð atvinnulóða.
- Vinna að því að fá fyrirtæki og stofnanir með fjölbreytta starfsemi í sveitarfélagið.
- Styrkja samstarf við skapandi einstaklinga, fyrirtæki, stofnanir og skóla til að nýta sérþekkingu og skapandi hugsun við eflingu atvinnulífs í Hveragerði.
- Greina þörf fyrir sameiginlega vinnu- og námsaðstöðu og kanna samstarf við aðila sem gætu staðið að uppbyggingu og rekstri hennar.
- Styrkja og hvetja til samstarfs við aðila sem vilja standa fyrir viðburðum í Hveragerði sem byggja á sérstöðu bæjarins og hafa jákvæð áhrif á samfélag, mannlíf og atvinnulíf.
- Beita sér fyrir samtali við hagaðila um Garðyrkjuskólann á Reykjum sem lifandi miðstöð garðyrkju, menntunar og nýsköpunar.
- Gæta hagsmuna íbúa og atvinnulífs eins og kostur er vegna breytinga á gufuveitu í Hveragerði með áherslu á gott samráð og upplýsingagjöf.

# Ábyrgð Bæjarbragur Lífsgæði



**Bæjarstjóri:** Ingimar Guðmundsson (D)

**Forseti bæjarstjórnar:** María Rún Þorsteinsdóttir (D)

**Formaður bæjarráðs:** Birgitta Ragnarsdóttir (S)

## F.h. S-Listans

---

Birgitta Ragnarsdóttir

## F.h. D-Listans

---

Ingimar Guðmundsson

---

María Rún Þorsteinsdóttir

---

Sigmar Karlsson